Kópavogur

Reglur um samfélagsmiðla

Stefna, markmið og gildisvið

Samfélagsmiðlar Kópavogsbæjar eru vettvangur til að miðla upplýsingum um starfsemi þjónustu og viðburði bæjarins. Samfélagsmiðlar eru hluti af samræmdri upplýsingamiðlun Kópavogsbæjar og styðja við efni á vef bæjarins, kopavogur.is

Markmið samfélagsmiðla Kópavogsbæjar er að:

- Veita aðgengilegar, áreiðanlegar og tímanlegar upplýsingar.
- Kynna þjónustu, verkefni og viðburði bæjarins og tengdra hagaðila ef við á.
- Efla gagnsæi í starfsemi bæjarins.

Með samfélagsmiðlum er átt við stafræna miðla þar sem Kópavogsbær, stofnanir hans og rekstrareiningar birta efni og eiga samskipti við notendur, svo sem Facebook og Instagram.

Reglurnar gilda um alla samfélagsmiðlareikninga sem reknir eru í nafni Kópavogsbæjar, stofnana hans, safna, menningarhúsa og annarra rekstrareininga eftir því sem við á.

Ábyrgð og stjórnun

- Miðlunarteymi skrifstofu umbóta og þróunar, undir stjórn miðlunarstjóra, ber ábyrgð á samræmingu samfélagsmiðla í nafni Kópavogsbæjar.
- Hver samfélagsmiðlareikningur skal hafa skýrt skilgreinda ritstjórn og ábyrgðaraðila.
- Miðlunarteymi heldur miðlæga skrá yfir alla samfélagsmiðlareikninga, tilgang þeirra, ábyrgðaraðila og aðgangshafa.
- Reikningar stofnana og annarra rekstrareininga skulu vera í samræmi við reglur um samfélagsmiðla en dagleg ritstjórn er á ábyrgð viðkomandi einingar.
- Fyrir hvern miðil skulu liggja fyrir upplýsingar um tilgang, markhóp, efnisstefnu, rödd og framsetningu, verkaskiptingu og vöktun.
- Nýir samfélagsmiðlareikningar skulu samþykktir af miðlunarteymi áður en þeir eru opnaðir.

DRÖG

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Stofnun nýrra reikninga

Áður en nýr samfélagsmiðlareikningur er stofnaður skal ábyrgðaraðili senda miðlunarteymi umsókn þar sem fram koma tilgangur reikningsins, markhópur, ábyrgð, ritstjórn, fyrirhugað efni, vöktun og fyrirkomulag aðgangsstýringar. Miðlunarteymi metur umsóknina með hliðsjón af gildissviði stefnunnar og samþykkir stofnun reikningsins áður en hann er opnaður.

Efnisstefna og ritstjórn

Efni á samfélagsmiðlum Kópavogsbæjar skal vera:

- Rétt og áreiðanlegt.
- Í samræmi við stefnu og gildi bæjarins sem eru umhyggja, framsækni, heiðarleiki, virðing.

Við framsetningu skal gæta að:

- Vönduðu málfari.
- Aðgengi fyrir alla notendur.
- Fjölbreytni og inngildingu.
- Notkun mynda, myndskeiða og annarra miðla sem styðja skilaboðin.

Fylgja skal lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Virða skal höfundarrétt. Við myndbirtingar skal fylgja verklagsreglum um myndatökur og samþykki.
Ritstjórn hvers miðils skal skipuleggja birtingar með þeim hætti sem hentar umfangi og tilgangi miðilsins. Miðlunarteymi á reglulegt samráð við ábyrgðaraðila um efnisáherslur, samræmingu og verklag.

Samskipti á samfélagsmiðlum

Kópavogsbær leggur áherslu á kurteis og uppbyggileg samskipti.
Ef hægt er að bregðast við fyrirspurn með einföldum hætti má gera það, t.d. með því að vísa á upplýsingar á vefsíðu.
Formleg afgreiðsla stjórnsýsluerinda fer ekki fram á samfélagsmiðlum.

Öryggi og aðgangsstýring

Til að tryggja öryggi samfélagsmiðla skal:

DRÖG

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

- Takmarka fjölda stjórnendaaðganga.
- Nota sterk lykilorð.
- Virkja fjölþátta auðkenningu þar sem mögulegt er.
- Endurskoða aðgangsheimildir reglulega.
- Loka aðgangi starfsmanna þegar störfum lýkur.
- Halda miðlæga og reglulega uppfærða skrá yfir aðgangshafa hvers miðils.
- Tryggja að aðgangar, endurheimtarupplýsingar og stjórnunarheimildir flytjist með öruggum hætti þegar starfsmaður lætur af störfum eða skiptir um hlutverk.

Athugasemdir og notendareglur

Kópavogsbær hvetur til málefnalegrar umræðu. Heimilt er að fela eða fjarlægja efni sem:

- Brýtur lög.
- Inniheldur persónuupplýsingar.
- Felur í sér hatursorðræðu eða mismunun.
- Inniheldur hótanir eða áreitni.
- Felur í sér meiðyrði eða óhróður.
- Er auglýsing eða ruslpóstur.
- Er ótengt tilgangi miðilsins.

Neikvæð eða gagnrýnin umræða verður almennt ekki fjarlægð svo lengi sem hún er málefnaleg. Við ítrekuð eða alvarleg brot getur verið gripið til þess að loka á notanda.

Eftirlit og endurskoðun

Stefna þessi skal kynnt þeim sem sinna samfélagsmiðlum fyrir hönd bæjarins, yfirfarin reglulega og uppfærð eftir þörfum vegna breytinga á lögum, reglum eða þróun samfélagsmiðla.

DRÖG

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026